

ÁSMUNDUR HILMARSSON OG BJÖRGVIN ÞÓR BJÖRGVINSSON

UM VINNUAFL OG MARKHÓP  
FRÆDSLUMIÐSTÖÐVAR ATVINNULÍFSINS

Árið 2010 hafði 33% vinnuafls á Íslandi aðeins lokið námi úr grunnskóla. Í ágúst 2011 átti það sama við um rúmlega 50% atvinnuleitenda, þar af voru 42% yngri en 30 ára. Karlar voru 53% atvinnulausra með grunnenntun en 47% konur. Af heildarfjölda nemendastunda ársins 2010 í vottuðum námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eru 49% nemendastundir þeirra sem eru í atvinnuleit. Ætla má að útskrifa þurfi rúmlega 30.000 manns á vinnualdri með framhalds- eða starfsmenntun á næstu 10 árum til að ná markmiðum um að ekki verði meira en 10% vinnuafls eingöngu með grunnenntun árið 2020.



Ásmundur Hilmarsson



Björgvin Þór Björgvinsson

Árið 2010 taldi vinnuafl á Íslandi alls 181 þúsund manns. Til vinnuafls teljast þeir sem eru á aldrinum 16–74 ára, í vinnu eða í atvinnuleit. Í gögnum Hagstofu Íslands er vinnuafl skipt eftir menntun; grunnenntun (ISCED 1,2), starfs- og framhaldsmenntun (ISCED 3,4) og háskólamenntun (ISCED 5,6). Árið 2010 höfðu rúmlega 33%, eða 60.300 manns, af vinnuafl ársins ekki lokið annarri skólagöngu en grunnskóla en þessi hópur er markhópur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Til samanburðar var þetta hlutfall 44% árið 2000.


Seint á árinu 2010 undirrituðu eigendur FA (Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga) yfirlýsingu ásamt mennta- og menningarmálaráðuneytinu um að efla samstarf sitt meðal annars til að hækka menntunarstig íslensku þjóðarinnar. Í yfirlýsingunni segir að

þessir aðilar muni sameiginlega vinna markvisst að því að hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar verði ekki hærra en 10% árið 2020.

Eins og sjá má á mynd 1 hefur hlutfall þeirra sem hafa háskólamenntun vaxið mikið á síðustu árum á sama tíma og talsvert hefur fækkað í hópi þeirra sem hafa minnstu menntunina. Það má því segja að menntunarstigið á íslenskum vinnumarkaði hafi hækkað umtalsvert frá árinu 2000. Hvort hlutfall þeirra sem eingöngu hafa lokið grunnnámi verði komið niður í 10% eftir 10 ár, eins og segir í yfirlýsingunni, er erfitt að segja til um en ljóst er að markmiðið er metnaðarfullt.


Við hrun íslenska bankakerfisins árið 2008 jókst atvinnuleysi hratt og hlutfallið varð hærra en sést hafði í íslensku efnahagslífi á síðari árum. Í október 2007 var atvinnuleysi á Íslandi 0,8% en þá var meðalfjöldi atvinnulausra rúmlega

Mynd 1. Vinnuafl eftir menntun, 2000–2010



Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 2. Atvinnuleitendur eftir menntun, 2011



1.300 en í mars 2010 fór þessi tala í 9,3% eða rúmlega 15 þúsund manns. Þegar að kveppir er greinilegt að þeir sem hafa minnstu menntunina standa verst að vígi. Í ágúst 2011 er svo komið að rúmlega 50% atvinnuleitenda eða tæplega sex þúsund einstaklingar hafa aðeins lokið grunnmenntun en sá hópur telur um 33% af vinnumarkaðnum. Á sama tíma var fjöldi atvinnuleitenda með starfs- eða framhaldsmenntun 3.873 eða 32% (38% af vinnumarkaðnum) og fjöldi atvinnuleitenda með háskólapróf 2.067 eða 17% (28% af vinnumarkaðnum).

Eins og sjá má á mynd 3 eykst atvinnuleysi í öllum flokkunum á síðari hluta árs 2008. Áberandi er hversu árstíðasveiflurnar eru miklar hjá þeim sem hafa lokið grunnnámi og


starfs- og framhaldsmenntun í samanburði við þá sem lokið hafa háskólamenntun. Þegar þetta er skoðað út frá fjölda atvinnuleitenda eftir menntun sést að staða þeirra sem hafa eingöngu grunnmenntun er verst. Um 10,3% fólks með grunnmenntun á vinnumarkaði eru án atvinnu, 5,8% fólks með starfs- og framhaldsmenntun og 4,2% þeirra sem hafa háskólamenntun, sjá töflu 1.

Við nánari athugun á þeim 5.992 einstaklingum sem voru árið 2011 án atvinnu og höfðu einungis lokið grunnmenntun má sjá að hlutfall karla og kvenna var mjög svipað, karlar voru 53% og konur 47%, sjá mynd 4. Hins vegar má sjá að atvinnuleysi karla í hópnum sem höfðu einungis grunnmenntun sveiflast mikið eftir árstíðum og hefur minnkað talsvert síðustu misserin á meðan atvinnuleysi kvenna með grunnmenntun er stöðugra, á bilinu 2.800–3.400 frá mars 2009 á sama tíma sveiflast fjöldi karla úr um það bil 3.200 upp í 5.500 manns.


Þegar hópur atvinnuleitenda sem hefur eingöngu lokið grunnmenntun er skoðaður út frá aldri sést að hópurinn undir þrítugu er 42% allra atvinnulausra með grunnmenntun. Hæst fór hlutfall hópsins undir þrítugu í 49% atvinnuleitenda í desember 2008.

Með auknu atvinnuleysi hefur hópurinn með stystu skólagönguna orðið verst úti. Rúmlega 10% af öllum þeim sem hafa grunnmenntun eru án atvinnu og atvinnuleysis-skrá sýnir að annar hver einstaklingur þar er eingöngu með grunnmenntun. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og mennta- og menningar-

Mynd 3. Atvinnuleitendur eftir menntun, 2008–2011




Mynd 4. Atvinnuleitendur með grunnmenntun eftir kyni, 2008–2011



Heimild: Vinnumálastofnun.

Mynd 5. Atvinnuleitendur með grunnmenntun, eftir aldri 2008–2011



Heimild: Vinnumálastofnun.

málaráðuneytið unnið að auknu námsframboði fyrir þá sem hafa stutta formlega menntun. Sú þróun hefur orðið til þess að fleiri og fleiri atvinnuleitendur hafa nýtt sér úrræði FA og hannaðar hafa verið sérstakar námsleiðir til að mæta aukinni þörf atvinnuleitenda.

Fræðslumiðstöðin geymir gögn um nemendastundir í námi samkvæmt metnum námsskrám miðstöðvarinnar. Árið 2010 eru skráðar samtals 439.217 nemendastundir. Af þeim eru 215.658 stundir, eða 49%, nemendastundir þeirra sem eru í markhópi fræðslumiðstöðvarinnar og eru í atvinnuleit.

Árið 2000 voru um 44% á vinnumarkaði með grunnmenntun en um 33% árið 2010. Til að ná markmiðinu um


Tafla 1. Vinnuafli og atvinnuleitendur 2011\*

	Vinnuafli	Atvinnuleitendur	% atvinnuleitenda
Grunnmenntun	58.438	5.992	10,3%
Starfs- og framhaldsmenntun	67.160	3.873	5,8%
Háskólamenntun	49.428	2.067	4,2%
Samtals	175.026	11.932	6,8%


Heimild: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.

\*Vinnuafli á 2. ársfjórðungi og atvinnuleitendur í lok ágúst.

Mynd 6. Hlutfall nemendastunda atvinnuleitenda í námsleiðum FA árið 2010



Mynd 7. Hlutfall nemendastunda atvinnuleitenda eftir símenntunarmiðstöðvum árið 2010



að minna en 10% vinnuafli hafi aðeins grunnenntun árið 2020, þarf að útskrifa rúmlega 30.000 manns á vinnualdri með framhalds- eða starfsmenntun. Skólakerfið getur ekki eitt staðið undir því. Símenntunarmiðstöðvar hafa augljóslega miklu hlutverki að gegna til þess að markmiðinu verði náð fyrir 2020.

## UM HÖFUNDANA

**Ásmundur Hilmarsson** starfar sem sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Hann er húsasmiður en hefur unnið að félags- og fræðslumálum í yfir 25 ár.

**Björgvin Þór Björgvinsson** starfar sem sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Helstu verkefni Björgvins hjá FA tengjast upplýsingasöfnun meðal samstarfsaðila og útgáfu- og kynningarmálum